



ENOR

Enor ehf. | s. 430 1800 | www.enor.is



Sveitarfélagið Skagaströnd

Endurskoðunarskýrsla 2025

	<i>Bls.</i>
<i>Endurskoðun ársins 2025</i>	<i>3</i>
<i>Tilgangur og framkvæmd endurskoðunar</i>	<i>4 - 5</i>
<i>Ársreikningur sveitarfélagsins</i>	<i>6 - 13</i>
<i>Reikningshaldslegt mat</i>	<i>14 - 15</i>
<i>Notkun reikningsskilaaðferða</i>	<i>16</i>
<i>Niðurstöður yfirferðar á innra eftirliti</i>	<i>17</i>
<i>Önnur atriði</i>	<i>18</i>

Endurskoðun ársins 2025

Akureyri, 6. maí 2026

Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar

Við höfum lokið endurskoðun okkar á ársreikningi Sveitarfélagsins Skagastrandar fyrir árið 2025. Markmið endurskoðunarinnar er að skila sveitarfélaginu og hagsmunaaðilum óháðu álit á reikningsskilum sveitarfélagsins. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Í álit okkar á ársreikning sveitarfélagsins segir: Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sveitarfélagsins á árinu 2025, efnahag þess 31. desember 2025 og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Að endurskoðuninni komu eftirtaldir starfsmenn Enor:

Davíð Búi Halldórsson, löggiltur endurskoðandi
Óttar Ingi Oddsson, viðskiptafræðingur
Karen Björk Gunnarsdóttir, viðskiptafræðingur

Við þökkum stjórnendum og starfsfólki sveitarfélagsins alla þá aðstoð sem okkur var veitt. Ef upp vakna spurningar um endurskoðunina eða niðurstöður hennar þá hvetjum við sveitarstjórn eða stjórnendur til þess að hafa samband við okkur.

Virðingarfyllt,

Enor ehf.



Davíð Búi Halldórsson
löggiltur endurskoðandi

Tengiliðir hjá ENOR:

Davíð Búi Halldórsson
Löggiltur endurskoðandi

Netfang: david.bui@enor.is

Sími: 430 1810

Gsm: 851 1800

Enor ehf.
Hafnarstræti 53
600 Akureyri
s. 430 1800

enor@enor.is | www.enor.is

Tilgangur og framkvæmd endurskoðunar

Tilgangur endurskoðunar

Markmið endurskoðunarinnar sem unnin var í samræmi við alþjóðlega staðla um endurskoðun (ISA), er að veita óháð álit á því hvort ársreikningur sveitarfélagsins gefi glögga mynd af afkomu þess á árinu, efnahag í lok ársins og breytingu á handbæru fé á árinu í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreiknings

- Að leggja mat á líkur þess að ársreikningur sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum skekkju, sviksemi eða mistaka (útfrá áhættumati).
- Að framkvæma endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla til að tryggja með nægjanlegri vissu að ársreikningur sé án verulegra annmarka.

Ábyrgð sveitarstjórnar og sveitarstjóra á ársreikningnum

- Að framsetning ársreiknings sé í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.
- Að við færslu á bókhaldi og samningu ársreiknings sé beitt viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.
- Að koma upp og annast innra eftirlit sveitarfélagsins, sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, varðveita eignir þess og tryggja að farið sé að lögum og reglum sem gilda um starfsemina.

Tilgangur og framkvæmd endurskoðunar

Helstu þættir í framkvæmd endurskoðunar

Áhættumat:

- Greining og mat á hættunni á verulegri skekkju í ársreikningnum.
- Felst í upplýsingaöflun og framkvæmd áhættumatsaðgerða.
- Áhættumatið leggur grunninn að umfangi og framkvæmd endurskoðunaraðgerða.

Innra eftirlit:


- Við öflum skilnings á innra eftirliti sem snertir endurskoðunina, fókusinn er á innra eftirliti sem tengist fjárhagsupplýsingum.
- Mat okkar á innra eftirliti hefur áhrif á áhættumat í þeim tilgangi að hanna viðeigandi aðgerðir.
- Sjá upplýsingar um helstu þætti í ferlum og innra eftirliti á bls. 17 í skýrslunni.

Mikilvægismörk:

- Ákvörðun mikilvægismarka er mikilvægur hluti af ferli áhættumats og skipulagningar í endurskoðun. Í samhengi mikilvægismarka eru upplýsingar í ársreikningi taldar mikilvægar ef þær eru taldar hafa áhrif á þær efnahagslegu ákvarðanir sem lesendur taka á grundvelli upplýsinga í ársreikningi.
- Heildar mikilvægismörk í verkefninu voru skilgreind kr. 18,5 millj. eða 2,0% af rekstrartekjum. Í samhengi við heildarmikilvægismörkin eru sett fram mörk fyrir óleiðréttar skekkjur sem voru skilgreind sem 5% af heildarmörkunum eða kr. 739 þús.
- Engir óleiðréttir mismunir eða skekkjur yfir framangreindum mörkum eru til staðar við lok endurskoðunarinnar, samkvæmt okkar vitneskju.

Framsetning ársreiknings (heild):

- Að meta hvort reikningsskilaaðferðir sem eru notaðar séu viðeigandi.
- Að yfirfara hvort reikningslegt mat stjórnenda sé raunhæft og byggt á eðlilegum forsendum.
- Að yfirfara reikninsskilin í heild með tilliti til framsetningar og þess hvort skýringar séu fullnægjandi og rétt fram settar.
- Það er mat okkar að félagið noti reikningsskilaaðferðir sem eru í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.



Ársreikningur sveitarfélagsins

Rekstrarreikningur (fjárh. í þús.)	Sveitarsjóður A hluti		Samantekið A og B hluti	
	2025	2024	2025	2024
Rekstrartekjur				
Skatttekjur	453.040	411.728	445.405	404.934
Framlög jöfnunarsjóðs	262.879	223.958	262.879	223.958
Aðrar tekjur	190.433	140.711	337.357	273.445
	906.351	776.398	1.045.640	902.337
Rekstrargjöld				
Laun og launatengd gjöld	475.318	407.735	499.609	432.392
Hækkun lífeyrisskuldbindinga	37.674	14.401	37.674	14.401
Annar rekstrarkostnaður	411.119	395.678	435.494	420.515
Afskriftir	32.150	32.462	57.451	56.145
	956.261	850.276	1.030.228	923.453
Rekstrarniðurst. fyrir fjárm. liði	(49.911)	(73.878)	15.413	(21.115)
Fjármagnsliðir	(156)	4.331	(5.135)	(1.667)
Rekstrarniðurstaða ársins	(50.067)	(69.547)	10.278	(22.782)
Kostnaðarliðir í hlutfalli af tekjum:				
Laun og launatengd gjöld	52%	53%	48%	48%
Hækkun lífeyrisskuldbindinga	4%	2%	4%	2%
Annar rekstrarkostnaður	45%	51%	42%	47%
Stærðir í rekstri pr. íbúa:				
Skatttekjur og jöfnunarsjóður	1.570	1.383	1.553	1.369
Aðrar tekjur	418	306	740	595
Laun og launatengd gjöld	1.042	887	1.096	941
Annar rekstrarkostnaður	902	861	955	915
Fjármagnsliðir	(0)	9	(11)	(4)

Rekstrartekjur

Rekstrartekjur A og B hluta námu kr. 1.045,6 millj. á árinu 2025 og hækka um kr. 143,3 millj. eða 15,9% milli ára. Rekstrartekjur samstæðunnar eru 3,1% yfir áætlun ársins 2025 ef með eru teknir viðaukar ársins sem gerðu ráð fyrir kr. 67,8 millj. viðbótartekjum frá upphaflegri áætlun fyrir árið.

- Útsvarstekjur hækka um kr. 36,1 millj. milli ára eða 10%.
- Fasteignaskattar og lóðaleiga hækka um kr. 4,3 millj. milli ára eða 9,6%
- Framlög frá jöfnunarsjóði hækka um kr. 38,9 millj. milli ára eða 17,4%.
- Aðrar tekjur hækka um kr. 63,9 millj. milli ára eða 23,4%.

Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld A og B hluta námu kr. 499,6 millj. á árinu 2025 og hækka um kr. 67,2 millj. eða 15,5%. Liðurinn er í heild nokkuð vel í takti við áætlun ársins en viðaukar við fjárhagsáætlun gerðu ráð fyrir kr. 72,8 millj. í aukin útgjöld vegna launakostnaðar. Hlutfall launa af rekstrartekjum er að standa í stað milli ára og er 47,8% samanborið við 47,9% árið áður.

Gjaldfærsla vegna lífeyrisskuldbindinga var um kr. 37,7 millj. sem er um kr. 6,5 millj. yfir áætlun. Vísitala lífeyrisskuldbindinga opinberra starfsmanna hækkaði um 10,1% milli ára samanborið við 5,4% hækkun árið á undan. Áætluð hlutdeild sveitarfélagsins í lífeyrisskuldbindingum hjá LSR hækkaði úr 62,2% í 64,1% milli ára.

Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður A og B hluta nam kr. 435,5 millj. á árinu 2025 og hækkar um kr. 15 millj. eða 3,6%. Liðurinn er 3% yfir áætlun ársins en samþykktir viðaukar námu kr. 2,5 millj. vegna viðbótarútgjalda frá upphaflegri áætlun. Hlutfall annars rekstrarkostnaðar af rekstrartekjum lækkar milli ára úr 46,6% í 41,7% hjá A og B hluta.

Afskriftir

Afskriftir A og B hluta námu kr. 57,4 millj. og hækka aðeins milli ára.

Ársreikningur sveitarfélagsins

Frávik frá áætlun ársins 2025 (í þús kr.)

	Áætlun		Frávik	Frávik %
	Rauntölur	með viðaukum		
Skatttekjur	728.659	711.622	17.037	2%
Félagsþjónusta	(80.904)	(71.600)	(9.304)	13%
Fræðslu- og uppeldismál	(432.032)	(416.209)	(15.823)	4%
Meningarmál	(9.988)	(11.208)	1.220	-11%
Æskulýðs- og íþróttamál	(71.098)	(74.883)	3.786	-5%
Brunamál og almannavarnir	(19.541)	(20.402)	862	-4%
Hreinlætismál	2.161	(749)	2.910	-388%
Skipulags- og byggingamál	(1.515)	(2.425)	909	-38%
Umferðar- og samgöngumál	(11.173)	(11.695)	522	-4%
Umhverfismál	(13.270)	(12.509)	(761)	6%
Atvinnumál	(4.362)	(4.868)	506	-10%
Sameiginlegur kostnaður	(95.906)	(88.254)	(7.652)	9%
Breyting lífeyrisskuldbindingar	(37.674)	(31.203)	(6.471)	21%
Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)	4.837	6.953	(2.117)	-30%
Aðalsjóður samtals	(41.806)	(27.430)	(14.375)	52%
Eignasjóður	5.348	(9.975)	15.323	-154%
Þjónustumiðstöð	(13.609)	(12.585)	(1.024)	8%
A hluti samtals	(50.067)	(49.990)	(77)	0%
Hafnarsjóður	15.611	13.241	2.370	18%
Vatnsveita	16.472	15.703	769	5%
Félagslegar íbúðir	25.874	22.435	3.439	15%
Fráveita	9.877	9.712	165	2%
Félagsheimili	(7.490)	(7.265)	(224)	3%
B hluti samtals	60.345	53.826	6.519	12%
A og B hluti samtals	10.278	3.836	6.442	168%

Afkoma sveitarfélagsins, A- og B hluta og samanburður við áætlun

Ársreikningur Sveitarfélagsins Skagastrandar hefur að geyma ársreikning sveitarsjóðs, og samantekin reikningsskil sveitarsjóðs, stofnana sveitarfélagsins og dótturfélaga. Samstæðuársreikningur sveitarfélagsins er gerður með þeim hætti að lagðir eru saman sambærilegir liðir eigna, skulda, tekna og gjalda úr ársreikningum einstakra fyrirtækja og stofnana en öllum innbyrðis viðskiptum, eignum og skuldum er eytt út.

Rekstrarniðurstaða A-hluta var neikvæð á árinu 2025 um kr. 50,1 millj. samanborið við kr. 50 millj. neikvæða afkomu skv. áætlun.

Rekstrarniðurstaða samstæðu A- og B-hluta var jákvæð á árinu 2025 um kr. 10,3 millj. samanborið við kr. 3,8 millj. jákvæða afkomu skv. áætlun með viðaukum. Afkoma samstæðunnar var því kr. 6,5 millj. betri en áætlun með viðaukum gerði ráð fyrir. Samtals var nettó niðurstaða þeirra viðauka sem gerðir voru kr. 7,4 millj. til lækkunar á rekstrarafkomu ársins (gjöld umfram tekjur).

Helstu frávik frá áætlun með viðaukum voru:

- Útvarstekjur ársins voru kr. 14,4 millj. yfir áætlun en framlög jöfnunarsjóðs voru kr. 4,4 millj. yfir áætlun.
- Félagsþjónusta – þjónusta við aldraðra, félagsleg liðveisla og rekstur félagsþjónustu A-Hún voru hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir.
- Fræðslu og uppeldismál voru 15,8 milj. umfram áætlun sem skýrist af ráðgjafakostnaði og hærri launakostnaði.
- Hreinlætismál – sorphreinsun og urðun var minni en ráðgert var í áætlun.
- Sameiginlegur kostnaður – aðkeypt sérfræðiþjónusta vegna slita byggðasamlaga og lögfræðikostnaður skýrir frávik frá áætlun.
- Lífeyrisskuldbindingar – launahækkningar voru meiri en á undanförunum árum.
- Félagslegar íbúðir – Söluhagnaður skýrir góða afkomu.

Hér til hliðar má sjá sundurliðun á rekstrarniðurstöðu málaflokka og samanburð við áætlun ársins 2025 með viðaukum.

Ársreikningur sveitarfélagsins

Tekjustofnar sveitarfélagsins

Útsvarstekjur sveitarfélagsins hækkuðu um kr. 36,1 millj. eða 10% milli árána 2024 og 2025 en voru kr. 14,4 millj. eða 3,8% yfir fjárhagsáætlun.

Tekjur vegna fasteignaskatta hækka milli ára um kr. 5,2 millj. eða 12%.

Framlög frá jöfnunarsjóði sveitarfélaga hækka um kr. 38,9 millj. eða 19,2% milli árána 2024 og 2025. Framlög frá jöfnunarsjóði eru kr. 4,4 millj. yfir áætlun ársins en hækkun er á öllum liðum frá jöfnunarsjóði milli ára. Mest hækkar framlag vegna grunnskóla eða um kr. 21,1 millj. milli ára.

Aðrar tekjur A-hluta hækka um kr. 49,7 millj. milli ára og eru vel umfram áætlun ársins. Söluhagnaður af eignum skýra að stærstum hluta þessa hækkun.

Hér fyrir neðan má sjá hvernig tekjustofnar A-hlutans greinast samanborið við áætlun og fyrri ár.

Tekjustofnar A-hluti (í þús. kr.)

	Áætlun með viðaukum						
	2025	2024	2023	2022	2021	2020	
Útsvar	396.064	359.933	345.195	341.937	301.456	298.196	
Fasteignaskattur, lóðaleiga	56.976	51.795	43.293	35.182	34.020	35.869	
Framlag úr jöfnunarsjóði	262.879	223.958	202.391	166.633	141.349	141.484	
Aðrar tekjur	190.433	140.711	133.071	123.639	112.208	98.268	
	906.351	776.398	723.950	667.390	589.033	573.816	

Framlög úr jöfnunarsjóði (í þús. kr.)

	Áætlun með viðaukum						
	2025	2024	2023	2022	2021	2020	
Framlag vegna útgjalda jöfnunar ..	94.149	86.472	86.315	69.026	57.084	49.780	
Framlag vegna grunnskóla	102.108	81.030	69.378	64.063	57.491	62.237	
Framlag vegna fasteignaskatts	40.626	39.781	36.398	30.810	23.674	23.801	
Önnur framlög	25.995	16.675	10.299	2.734	3.100	5.665	
	262.879	223.958	202.391	166.633	141.349	141.484	

Ársreikningur sveitarfélagsins

Rekstur aðalsjóðs

Útgjöld til málaflokka í aðalsjóði, önnur en fjármagnsliðir og framlag vegna lífeyrisskuldbindinga námu kr. 889,5 millj. á árinu 2025 samanborið við kr. 811,8 millj. á árinu 2024. Hækkun milli ára er kr. 105,8 millj. eða 13%. Fjármagnsliðir eru jákvæðir hjá aðalsjóði en lækka áfram þar sem gengið hefur á handbært fé hjá sveitarfélaginu. Gjaldfærsla vegna lífeyrisskuldbindinga hækkar nokkuð milli ára þar sem launahækkarnir voru talsverðar milli árana 2024 og 2025.

Útgjöld stærsta málaflokksins, fræðslu- og uppeldismála hækka mest eða um kr. 87,3 millj. milli ára en munar þar miklu um rekstur tónlistarskóla á svæðinu sem Skagaströnd sér alfarið um frá byrjun ársins 2025. Tekjur af tónlistarskólanum eru þó um kr. 46,9 millj. á móti kostnaði upp á kr. 64 millj. Kostnaður við rekstur grunnskólans hækkar um kr. 12 millj. milli ára og kostnaður við leikskóla hækkar um kr. 19,3 millj. Útgjöld vegna slita á byggðarsamlögum auk aðkeyptrar þjónustu skýra að miklu leiti hækkun á sameiginlegum kostnaði. Atvinnumál lækka verulega en árið 2024 var færður niður kostnaður vegna sjóbaðaverkefnis auk þess sem framlög til byggðasamlags um menningar og atvinnumál voru engin árið 2025.

Útgjöld málaflokka (í þús. kr.)

	2025	2024	2023	2022	2021	2020
Aðalsjóður:						
Félagsþjónusta	84.274	83.632	87.978	72.614	65.517	46.943
Fræðslu- og uppeldismál	525.967	438.607	395.983	357.493	326.075	303.469
Menningarmál	11.272	16.065	16.990	19.587	19.757	18.874
Æskulýðs- og íþróttamál	83.256	84.461	77.411	77.260	70.699	69.109
Brunamál og almannavarnir	20.212	17.392	20.413	21.454	9.104	7.999
Hreinlætismál	18.620	18.554	23.298	24.291	20.935	18.893
Skipulags- og byggingarmál	1.594	2.182	2.440	3.701	3.562	3.666
Umferðar- og samgöngumál	12.173	17.727	10.895	8.955	10.931	13.476
Umhverfismál	13.283	11.953	12.159	9.092	7.746	10.638
Atvinnumál	5.832	16.860	16.811	16.273	14.072	16.266
Sameiginlegur kostnaður	113.079	104.379	100.058	86.803	80.222	70.679
	889.561	811.812	764.435	697.524	628.621	580.011
Fjármagnsliðir	(4.837)	(9.633)	(15.549)	(13.948)	(7.227)	(10.510)
Breyting lífeyrisskuldbindinga	37.674	14.401	36.101	4.806	46.883	26.569
Aðalsjóður samtals	922.399	816.579	784.987	688.382	668.277	596.069

Ársreikningur sveitarfélagsins

Útgjöld málaflokka í aðalsjóði í hlutfalli af rekstrartekjum A-hluta

	2025	2024	2023	2022	2021	2020
Aðalsjóður:						
Félagsþjónusta	9,3%	10,8%	12,2%	10,9%	11,1%	8,2%
Fræðslu- og uppeldismál	58,0%	56,5%	54,7%	53,6%	55,4%	52,9%
Menningarmál	1,2%	2,1%	2,3%	2,9%	3,4%	3,3%
Æskulýðs- og íþróttamál	9,2%	10,9%	10,7%	11,6%	12,0%	12,0%
Brunamál og almannavarnir	2,2%	2,2%	2,8%	3,2%	1,5%	1,4%
Hreinlætismál	2,1%	2,4%	3,2%	3,6%	3,6%	3,3%
Skipulags- og byggingarmál	0,2%	0,3%	0,3%	0,6%	0,6%	0,6%
Umferðar- og samgöngumál	1,3%	2,3%	1,5%	1,3%	1,9%	2,3%
Umhverfismál	1,5%	1,5%	1,7%	1,4%	1,3%	1,9%
Atvinnumál	0,6%	2,2%	2,3%	2,4%	2,4%	2,8%
Sameiginlegur kostnaður	12,5%	13,4%	13,8%	13,0%	13,6%	12,3%
Breyting lífeyrisskuldbindinga	4,2%	1,9%	5,0%	0,7%	8,0%	4,6%
Aðalsjóður samtals	102,3%	106,4%	110,6%	105,2%	114,7%	105,7%

Ársreikningur sveitarfélagsins



Efnahagsreikningur (fjárh. í þús.)

	Sveitarsjóður A hluti		Samantekið A og B hluti	
	2025	2024	2025	2024
Fastafjármunir				
Fasteignir og hafnarmannvirki	780.786	697.300	1.217.312	1.126.276
Veitukerfi	0	0	172.334	179.604
Gatnakerfi	129.135	138.200	129.135	138.200
Vélar, áhöld og tæki	42.657	40.266	43.924	41.649
Eignarhlutir í félögum	69.087	69.087	69.087	69.087
Fyrirframgreiddur kostnaður	14.891	15.673	14.891	15.673
	1.036.555	960.527	1.646.683	1.570.489
Veltufjármunir				
Óinnheimtar tekjur	78.684	90.372	87.257	101.675
Fyrirframgreiddur kostnaður	783	783	783	783
Viðskiptakröfur á eigin fyrirtæki	245.905	283.694	0	0
Aðrar skammtímakröfur	53.638	27.660	59.507	35.014
Handbært fé	21.155	38.206	21.492	39.280
	400.164	440.714	169.038	176.752
Eignir samtals	1.436.719	1.401.241	1.815.721	1.747.241
Lykiltölur				
Veltufjárhlutfall	1,37	1,71	1,37	1,71
Heildareignir pr. íbúa	3.193	3.033	4.035	3.782

Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir A og B hluta hækka um kr. 77 millj. milli ára og nema samtals kr. 1.562,7 millj. í árslok 2025.

Heildarfjárfesting samstæðunnar í varanlegum rekstrarfjármunum á árinu nam kr. 124,6 millj. en afskriftir námu kr. 57,5 millj.

Á árinu voru seldar þrjár fasteignir, Oddagata 12, Suðurvegur 12 og Túnbraut 5 (0102).

Helstu fjárfestingar ársins voru:

- Mánabraut 2, kaupverð nam kr. 32,8 millj.
- Göngustigur Spákonufellshöfða
- Hafnarframkvæmdir, búnaður og Ásgarður kr. 42,2 millj. nettó (ríkisframlag nam kr. 123,5 millj.)

Fyrirframgreiddur kostnaður

Færð er upp krafa undir fyrirframgreiddum kostnaði vegna uppgjors við Brú lífeyrissjóð sem að gjaldfærist á 20 – 30 árum.

Óinnheimtar tekjur

Staða óinnheimtra tekna lækkar um kr. 14,4 millj. milli ára.

Aðrar skammtímakröfur

Meðal annarra skammtímakrafna var eignfærður fyrirframgreiddur kostnaður vegna verkefna sem eru í gangi 2024 og sveitarfélagið á von á endurgreiðslum vegna. Meðal þessara verkefna voru fuglaskoðunarhús og verk í Spákonufellshöfða. Þessar eignir hafa verið færðar meðal fastafjármuna umfram það sem fæst í styrki í ársreikningi 2025.

Handbært fé og veltufjárhlutfall

Handbært fé samstæðu A og B lækkar um kr. 17,8 millj. milli árána 2024 og 2025. Sveitarfélagið tók engin ný lán á árinu og hefur nýtt rekstrarfé og laust fé í fjárfestingar. Veltufjárhlutfall samstæðunnar lækkar milli ára úr 1,7 í árslok 2024 í 1,37 í árslok 2025.

Ársreikningur sveitarfélagsins



Efnahagsreikningur (fjárh. í þús.)

	Sveitarsjóður A hluti		Samantekið A og B hluti	
	2025	2024	2025	2024
Eigið fé				
Eiginfjárreikningur	860.492	880.398	1.330.630	1.290.192
Langtímaskuldir og skuldbindingar				
Lífeyrisskuldbinding	284.738	262.550	284.738	262.550
Skuldir í íslenskum krónum	0	0	76.842	90.992
	284.738	262.550	361.581	353.541
Skammtímaskuldir				
Viðskiptaskuldir	51.108	57.456	51.108	57.456
Næsta árs afborganir af langtímask.	0	0	5.655	5.854
Skuldir við eigin fyrirtæki	176.437	163.085	0	0
Aðrar skammtímaskuldir	63.945	37.752	66.747	40.198
	291.490	258.293	123.510	103.507
Skuldir samtals	576.228	520.843	485.091	457.049
Skuldir og eigið fé samtals	1.436.719	1.401.241	1.815.721	1.747.241
Lykiltölur				
Eiginfjárlutfall	60%	63%	73%	74%
Skuldahlutfall skv. reglum um fjárh.viðm.	37%	34%	22%	20%
Eigið fé pr. íbúa	1.912	1.906	2.957	2.793
Skuldir og skuldbindingar pr. íbúa	1.281	1.127	1.078	989

Eiginfjárreikningur

Staða eiginfjárreiknings sveitarfélagsins í A og B hluta hækkar um kr. 40,4 millj. milli ára. Jákvæð afkoma A og B hluta að fjárhæð kr. 10,3 millj. kemur til hækkunar á eigin fé auk þess sem endurmat lóða og lendna hækkar eigið fé um kr. 30,2 millj. Eiginfjárlutfall samstæðunnar lækkar lítillega milli ára og er 73,3% í árslok.

Lífeyrisskuldbindingar

Lífeyrisskuldbindingar A og B hluta hækka um kr. 22,2 millj. milli ára. Greiðslur vegna lífeyrisskuldbindinga námu kr. 14,7 millj. en gjaldfærð hækkun og aðrar breytingar námu kr. 36,9 millj. Nánari umfjöllun um lífeyrisskuldbindingar er á bls. 16 í skýrslunni.

Skuldir við lánastofnanir

Skuldir við lánastofnanir lækka um kr. 14,3 millj. milli ára en þær voru kr. 82,5 millj. í árslok samanborið við kr. 96,8 millj. í ársbyrjun. Langtímaskuldir sveitarfélagsins eru allar vegna félagslegra íbúða en vaxtakjör þeirra hafa verið hagstæð. Vextir lánanna eru á bilinu 1,0 – 2,4% verðtryggðir vextir en verðbólga var heldur lægri á árinu 2025 samanborið við árið á undan sem hefur jákvæð áhrif á reksturinn. Engin lántaka var á árinu 2025.

Skuldahlutfall

Skuldahlutfall samstæðu sveitarfélagsins sem reiknað er í samræmi við reglur um fjárhagsleg viðmið sveitarfélaga var komið í 21,8% í árslok 2025 samanborið við 19,9% í árslok 2024. Heimilt er að draga veltufjármuni frá skuldum við útreikning á hlutfallinu og er það helst lækkun veltufjármuna og hækkun skulda sem að skýrir hækkun á skuldahlutfallinu milli ára. Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki eru dregnar út úr veltufjármunum við útreikning hlutfallsins enda stöður á tiltekin B-hluta fyrirtæki viðvarandi.

Ársreikningur sveitarfélagsins



B-hluta fyrirtæki

Hafnarsjóður

Hagnaður ársins nam kr. 15,6 millj. samanborið við kr. 19,3 millj. í hagnað árið 2024.

Rekstrartekjur ársins voru kr. 71,4 millj. samanborið við kr. 75,6 millj. árið áður. Aflgjöld lækka óverulega milli ára en þau námu kr. 44,7 millj. samanborið við kr. 43,6 millj. árið 2024.

Rekstrargjöld Hafnarsjóðs lækka um kr. 550 þús. milli ára eða 1%.

Fjárfestingar Hafnarsjóðs á árinu voru kr. 165,7 millj. og á móti þeim komu framlög frá hafnarbótasjóði að fjárhæð kr. 123,5 millj.

Staða Hafnarsjóðs er áfram góð, eigið fé stóð í kr. 342,6 millj. í árslok og var eiginfjárlutfallið 100,0%, og því engar skuldir á Hafnarsjóði í árslok. Krafa Hafnarsjóðs á aðalsjóð lækkaði um kr. 11,5 millj. milli ára og stóð í kr. 102,2 millj. í árslok.

Vatnsveita og fráveita

Hagnaður var á rekstri Vatnsveitunnar á árinu að fjárhæð kr. 16,5 millj. samanborið við kr. 16,6 millj. í hagnað árið 2024. Tekjur vegna vatnsgjalds hækka um kr. 1 millj. en rekstrarkostnaður sem er að mestu leyti viðhaldskostnaður hækkaði um svipaða fjárhæð og tekjur. Eiginfjárstaða Vatnsveitunnar í árslok var kr. 87,9 millj. og eiginfjárlutfallið 100,0%.

Hagnaður var á rekstri Fráveitunnar á árinu að fjárhæð kr. 9,9 millj. samanborið við kr. 9,8 millj. hagnað árið 2024. Fjárfestingar hjá Fráveitunni voru óverulegar á árinu 2025 og var bókfært virði fráveitukerfa kr. 152,3 millj. í árslok. Skuld fráveitunnar við aðalsjóð lækkar um kr. 16,4 millj. og var kr. 59 millj. í árslok. Eiginfjárstaða Fráveitunnar í árslok var kr. 93,3 millj. og eiginfjárlutfallið 61,3% samanborið við 52,5% í ársbyrjun.

Félagslegar íbúðir

Hagnaður var á rekstri Félagslegra íbúða á árinu að fjárhæð kr. 25,9 millj. samanborið við kr. 24,9 millj. hagnað árið 2024. Tekjur ársins námu kr. 38,6 millj. samanborið við kr. 22,7 millj. árið 2024. Tvær eignir voru seldar á árinu, Suðurvegur 12 og Túnbraut 5 og eru áhrif söluhagnaðar í tekjum ársins að fjárhæð kr. 15,7 millj. Kostnaður við rekstur fasteignanna lækkar aðeins milli ára eða um kr. 585 þús.

Bókfært verð íbúða var kr. 133,8 millj. í árslok 2025 eða um kr. 12,2 millj. að meðaltali á hverja íbúð. Fasteignamat íbúðanna var í árslok 2025 kr. 200,5 millj. sem var um kr. 66,7 millj. yfir bókfærðu verði þeirra. Brunabótamat íbúðanna var í árslok 2025 kr. 477,7 millj.

Áhvílandi lán á íbúðunum námu samtals kr. 82,5 millj. í árslok 2025 sem er að meðaltali um kr. 7,5 millj. á hverja íbúð en lánin eru einu langtímaskuldir samstæðunnar við þriðja aðila í árslok 2025.

Eiginfjárstaða Félagslegra íbúða var í árslok 2025 kr. 57,5 millj. og eiginfjárlutfallið var 40%.

Félagsheimilið Fellsborg

Tap ársins nam kr. 7,5 millj. samanborið við kr. 6,2 millj. tap árið 2024. Tekjur voru kr. 6,4 millj. en rekstrargjöld fyrir afskriftir hækkuðu úr kr. 6,9 millj. í kr. 8,3 millj.

Eigið fé félagsheimilisins var í árslok 2025 neikvætt um kr. 111,1 millj. og var uppsöfnuð skuld við sveitarsjóð komin í kr. 186,9 millj. Að okkar mati væri rétt að leggja félagsheimilið niður sem B-hluta fyrirtæki og færa fasteignina inn í Eignasjóð þar sem hún væri rekin þar með innri leigu frá Aðalsjóði. Önnur lausn væri að færa annaðhvort framlag frá aðalsjóði eða útbúa skuldabréf milli aðalsjóðs og félagsheimilisins til þess að jafna viðskiptastöðuna og færa svo árlega framlög frá aðalsjóði til félagsheimilisins til þess að rekstur standi undir sér.

Reikningshaldslegt mat

Við gerð ársreikningsins þurfa stjórnendur að taka ákvarðanir, meta og gefa sér forsendur sem hafa áhrif á stöðu eigna, skulda, tekna og gjalda sem og upplýsingar í skýringum á reikningsskiladegi. Við matið er byggt á reynslu, þekkingu og fleiri þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll fyrir stöðu á bókfærðu verði eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Mat viðskiptakrafna

Mat viðskiptakrafna sveitarfélagsins var yfirfarið með stjórnendum sveitarfélagsins.

Niðurfærsla viðskiptakrafna í árslok 2025 hjá A-hluta nam kr. 21,6 millj. sem var um 21,5% af útistandandi kröfum í árslok, samanborið við kr. 12,6 millj. og 12,2% í ársbyrjun. Niðurfærsla hjá A og B-hluta nam kr. 26,6 millj. sem var 23,3% af útistandandi kröfum samanborið við kr. 18,6 millj. í ársbyrjun og 15,5%.

Sértæk niðurfærsla er færð þar sem verulegur vafi þykir á innheimtu en auk þess er almenn niðurfærsla tekin á kröfum sem ekki voru niðurfærðar sértækt.

Niðurfærsla krafna hækkar milli ára sem má að stórum hluta rekja til aukinnar niðurfærslu óinnheimtra útsvarstekna en færð er frekar há niðurfærsla á móti óinnheimtum útsvarstekjum eða 80%. Niðurfærsluhlutfallið hækkar líka þar sem staða heildarkrafna er að lækka.

Almennt hefur innheimta krafna gengið vel hjá sveitarfélaginu.

Niðurstaða

Við teljum að mat viðskiptakrafna í árslok 2025 sé í samræmi við reikningskilareglur og matsaðferðir í fyrri uppgjörum.

Viðskiptakröfur - A hluti (í þús. kr.)	2025	2024
Viðskiptakröfur	100.241	102.975
Niðurfærsla krafna	(21.556)	(12.603)
Viðskiptakröfur nettó	78.684	90.372
Niðurfærsla í %	21,5%	12,2%

Viðskiptakröfur - A- og B hluti (í þús. kr.)	2025	2024
Viðskiptakröfur	113.814	120.278
Niðurfærsla krafna	(26.556)	(18.603)
Viðskiptakröfur nettó	87.257	101.675
Niðurfærsla í %	23,3%	15,5%

Reikningshaldslegt mat

Við gerð ársreikningsins þurfa stjórnendur að taka ákvarðanir, meta og gefa sér forsendur sem hafa áhrif á stöðu eigna, skulda, tekna og gjalda sem og upplýsingar í skýringum á reikningsskiladegi. Við matið er byggt á reynslu, þekkingu og fleiri þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll fyrir stöðu á bókfærðu verði eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Mat eignarhluta í félögum

Mat á eignarhlutum sveitarfélagsins í félögum var yfirfarið.

Bókfært verð eignarhluta í félögum hjá sveitarfélaginu var kr. 54,1 millj. í árslok. Engin breyting er á eignarhlutum sveitarfélagsins á árinu og ekki þótti ástæða til þess að hreyfa við niðurfærslu eignarhluta.

Skoðuð voru uppgjör ársins 2025/2024 fyrir félögin og ef miðað er við hlutdeild sveitarfélagsins í eigin fé þeirra þá er áfram þörf á niðurfærslu vegna Hólaness og Nes listamiðstöðvar sem að niðurfærsla eignarhluta í árslok dekkar. Aðrir eignarhlutir eru færðir á lægra verði en hlutdeild í eigin fé segir til um.

Hér til hliðar má sjá sundurliðun á bókfærðu verði eignarhluta.

Niðurstaða

Við teljum að eignarhlutir sveitarfélagsins séu hæfilega metnir í árslok 2025.

Eignarhluti í félögum skal færa á kostnaðarverði í aðalsjóði en eignarhlutir sem flokkast sem eignarhlutir í dóttur- og hlutdeildarfélögum skulu færðir upp miðað við hlutdeild í samstæðureikningi.

Eignarhlutir í félögum (í þús. kr.)	Bókfært verð	
	31.12.2025	31.12 2024
Ámundakinn ehf	10.250	10.250
Hólanes ehf	24.500	24.500
Nes Listamiðstöð ehf	9.000	9.000
Sjávarlíftækni setrið BioPol ehf	7.000	7.000
Lánasjóður Sveitarfélaga ohf	25.957	25.957
Ránarbraut 2 - stofnframlag	14.996	14.996
Aðrir sjóðir	1.884	1.885
Niðurfærsla eignarhluta	(24.500)	(24.500)
	<u>69.087</u>	<u>69.087</u>

Notkun reikningsskilaaðferða

Lóðir og lendum

Samkvæmt álit frá reikningsskilanevnd sveitarfélaga skulu sveitarfélög meta lóðir og lendum sem þau hafa leigutekjur af og færa til eignar í efnahagsreikningi eignasjóðs. Lóðir og lendum eru færðar á gangvirði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirliggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendum eru endurmetnar með reglubundnum hætti og matsbreyting færð ef gangvirði hefur vikið verulega frá bókfærðu virði. Í árslok 2025 standa eignfærðar lóðir og lendum í kr. 272,5 millj. Mat á lóðum og lendum er byggt á uppreikningi lóðaleigutekna. Um 12,4% hækkun var á lóðaleigutekjum milli álagningar 2024 og 2026. Engin matsbreyting var færð á lóðir og lendum á árinu 2024 þar sem hækkunin náði ekki 5,0% sem er viðmið í framangreindum reglum og kemur því öll hækkunin fram í ársreikningi 2025.

Lífeyrisskuldbindingar

Áfallin lífeyrisskuldbinding er færð í ársreikninginn. Skuldbindingin felur í sér áætlaðan hlut sveitarfélagsins í lífeyrisskuldbindingu starfsmanna Sveitarfélagsins Skagastrandar í B-deild lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, annarra en grunnskólakennara. Hluttur sveitarfélagsins er nú áætlaður 64,1% sem er aðeins hærra hlutfall en árið áður þegar það var áætlað sem 62,2% hlutfall.

Byggðasamlög og annar samrekskur

Samkvæmt reglugerð nr. 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga, þá skal færa byggðasamlög og annan samrekskur sem er á ábyrgð sveitarfélaga inn í samantekin reikningsskil sveitarfélags miðað við hlutfallslega ábyrgð. Sveitarfélagið Skagaströnd er aðili að nokkrum byggðasamlögum/samrekstri og ber samkvæmt samþykktum þessara aðila hlutfallslega ábyrgð á skuldbindingum þeirra. Í skýringu nr. 13 er gerð grein fyrir stöðu þeirra byggðasamlaga/samreksturs sem sveitarfélagið er aðili að en reikningsskil þeirra hafa þó ekki verið tekin inn í samstæðureikning sveitarfélagsins. Öll framlög til byggðasamlaga/samreksturs hafa verið gjaldfærð í rekstri sveitarfélagsins og því ætti þetta frávik að okkar mati ekki að hafa veruleg áhrif á reikningsskilin.

Byggðarsamlög eru í slitameðferð sem hófst á árinu 2025. Slitunum var ekki formlega lokið í árslok 2025 og eru áhrif slitanna á efnahagsreikning sveitarfélagsins því ekki færð inn í bækur sveitarfélagsins fyrr en á árinu 2026 þegar þeim verður formlega slitið með framsali á eignum og skuldum viðkomandi byggðarsamlaga.

Mat á notkun reikningsskilaaðferða

Við höfum yfirfarið reikningsskilin með tilliti til laga um ársreikninga og annarra laga og reglna sem gilda um reikningsskil sveitarfélaga. Gerð er grein fyrir frávikum varðandi byggðasamlög og samrekskur hér að ofan en að öðru leyti þá er það mat okkar að sveitarfélagið noti reikningsskilaaðferðir sem eru í samræmi við lög um ársreikninga, sveitarstjórnarlög, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og aðrar settar reikningsskilareglur.

Niðurstöður yfirferðar á innra eftirliti

Eftirlitsumhverfi og innra eftirlit

Farið var yfir eftirlitsumhverfið og lykilkætti í innra eftirliti. Viðhorf stjórnenda til innra eftirlits er að okkar mati jákvætt.

Aðgreining starfa

Aðgreining starfa er takmörkuð sökum fjölda starfsfólks á skrifstofu en stjórnendur sveitarfélagsins hafa að okkar mati verið vel meðvitaðir um þennan veikleika. Mikilvægt er þó að okkar mati að minnast áfram á þetta í endurskoðunarskýrslunni og benda á að aðrar eftirlitsaðgerðir þurfa að koma til móts við þetta, m.a. aðhald sveitarstjóra með starfsmönnum í bókhaldi og eins aðhald sveitarstjórnar með rekstrinum.

Bókhald sveitarfélagsins er í ágætum farvegi. Bæta má framkvæmd og frágang afstemminga.

Lykilkættir í eftirlitsumhverfi	Mat á eftirlitsumhverfi
<ul style="list-style-type: none">ÁhættumatViðhorf stjórnenda til innra eftirlits og stjórnunarstíllUpplýsingar og samskiptiStjórnendaeftirlitEftirlitsaðgerðir	Miðað við eðli og umfang starfseminnar þá teljum við að eftirlitsumhverfi sveitarfélagsins og áhættumat sé í eðlilegum farvegi.

Aðfangafæri

Farið var yfir samþykktarferli á rekstrarkostnaði sveitarfélagsins. Tekið var úrtak úr hreyfingum á gjaldalykla og athugað hvort reikningar og önnur fylgiskjöl væru til staðar og hvort skráning væri í lagi. Sveitarfélagið er með rafrænt samþykktarferli í fjárhagskerfinu en farið var yfir samþykkt reikninga samhliða úrtaksskoðun á kostnaði. Kostnaður sem að verkefnastjóri fjármála hefur sjálfur sett inn í kerfið og fellur undir hans heimildir til samþykktar hefur í flestum tilfellum ekki verið samþykktur formlega í kerfinu en við viljum mælast til þess að það sé gert þannig að allur kostnaður sé samþykktur með sama hætti.

Launaferli

Farið var yfir lykilkætti í launaferlinu samhliða úrtaksskoðun á launum. Launamál virðast almennt vera í góðum farvegi, gott skipulag er á launavinnslu og launagögnum.

Önnur atriði



Sala á þriðju hæð Túnbrautar 1-3

Í árslok 2024 var 3. hæð Túnbrautar 1-3 seld fyrir kr. 16 millj. Samkomulag var gert um að fella niður kröfu vegna sölunnar gegn því að sveitarfélagið hefði afnotarétt af eigninni í 5 ár án endurgjalds. Ekki er færður upp fyrirframgreiddur kostnaður vegna þessa í ársreikningi 2025.

Samkvæmni við lög og reglur

Við höfum yfirfarið helstu lög og reglur sem gilda um reikningsskilin og starfsemina og lagt mat á það hvort uppgjör sveitarfélagsins væri í samræmi við reglurnar.

Við höfum við endurskoðun okkar ekki komið auga á nein frávik eða brot á lögum og reglum sem gilda um reikningsskil eða starfsemi sveitarfélagsins.

Ákvæði um jafnvægi í rekstri og skuldahlutfall eru sett fram í 64. gr. sveitarstjórnarlaga og er nánar kveðið á um þessi ákvæði í 13. og 14. gr. reglugerðar um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga. Ef horft er til jafnvægisreglunnar þá er sveitarfélagið í lagi með afkomu A og B hluta en A hlutinn einn og sér er með taprekstur bæði ef horft er á tímabilið 2024 til 2026 og eins ef horft er til áætlunar fyrir árin 2025 til 2027. Unnið er að því að bæta rekstur A hlutans sem er mikilvægt svo að sveitarfélagið geti staðist þetta skilyrði. Skuldahlutfall sveitarfélagsins hefur verið mjög lágt en hefur þó á síðustu árum verið að hækka þar sem gengið hefur á þá sjóði sem sveitarfélagið átti.

Þess ber þó að geta að með bráðabirgðaákvæði í sveitarstjórnarlögum var skilyrðum um jafnvægi í rekstri og skuldahlutfall tímabundið kipt úr sambandi eða fyrir árin 2020 – 2025.

Staðfesting á óhæði

Við staðfestum hér með óhæði okkar gagnvart sveitarfélaginu. Okkur er ekki kunnugt um nein tengsl á milli ENOR eða starfsmanna ENOR og sveitarfélagsins sem að okkar faglega mati gætu skert óhæði okkar sem endurskoðanda sveitarfélagsins.

Mismunir og skekkjur

Engir óleiðréttir mismunir eða skekkjur eru til staðar við lok endurskoðunarinnar, samkvæmt okkar vitneskju.